

Mál nr. 368/2016
M og
vátryggingafélagið V v. málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Gildissvið vátryggingarskilmála vegna ágreinings um fjárnám á bifreið 14.9.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.11.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-4.
2. Bréf V dags. 16.11.2016 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M hyggst höfða dómsmál til að fá ógilta ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um að bifreið hans sé ekki undanþegin fjárnámi. M telur að sökum þess að hann er öryrki eigi bifreiðin að vera undanskilin fjárnámi á grundvelli þess að hún teldist til hjálpartækja sbr. 1.tl. 1.mgr. 67. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Göngugeta M sé verulega skert og á hann erfitt með að komast ferða sinna án þess að hafa bifreið til umráða. Af hálfu M er vísað til þess að Tryggingastofnun ríkisins hafi veitt M fyrirgreiðslu til kaupa á bifreið hans. M vísar til þess að mál það sem M hyggst höfða sé ekki tilkomið vegna eignarhalds M á bifreið heldur varði það að öllu leyti túlkun á ákvæðum laga um aðför.

V hafnar bótaskyldu og telur málið varða M sem eiganda, notanda og stjórnanda vélknúins farartækis og vísar til 38. gr. vátryggingarskilmála þar sem tekið er fram að vátryggingin taki ekki til máls sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins ökutækis. V segir að málið varði ágreining sem snúi með beinum hætti að eignarhaldi M á bifreið og ekki skipti máli þó að bifreiðin kunni að vera undanþegin fjárnámi.

Álit.

Mál það sem M hyggst höfða, vegna ákvörðunar sýslumannsins í Reykjavík um að gera fjárnám í bifreið hans, varðar hann sem eiganda, notanda og stjórnanda ökutækis þegar af þeirri ástæðu að hann stæði ekki í þeim ágreiningi nema hann væri eigandi umræddrar bifreiðar. Með vísan til 38. gr. vátryggingaskilmála V á M ekki rétt á bótum vegna málskostnaðar úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 15.12.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.